

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 2. gr.
 - a. Við bætist nýr liður er verði a-liður, svohljóðandi: Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að binda slíkt leyfi sérstökum skilyrðum, m.a. um hæfni og þekkingu starfsmanna rannsóknastofu, eftirlit heilbrigðisyfirvalda, upplýsingagjöf og aðstöðu.
 - b. Í stað orðsins „rannsóknarstofnunar“ í 2. efnismásl. komi: rannsóknastofu.
2. Á eftir orðunum „afturkallað samþykki sitt“ í 2. efnismgr. 3. gr. komi: skv. 5. mgr.
3. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:
Endurskoða skal lög þessi fyrir 1. janúar 2008.